

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað setningarinnar: „Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur“ í 1. mgr. 14. gr. komi: Má í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört að Bessastöðum, 15. febrúar 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri málsgr. 8. gr. laganna bætist:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr skal vera kr. 350.00 fyrir fullorðið dýr og kr. 200.00 fyrir hvern yrðling.

2. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

- a. Fyrir „kr. 350.00“ í 1. málsgr. komi: kr. 700.00.
- b. Fyrir „kr. 200.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 350.00.

3. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. marz 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.